

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps: Fundargerð 25. 02. 2008

Fundur var haldinn í sveitarstjórn Djúpavogshrepps mánud. 25. feb. 2008 kl. 17:00. Fundarstaður: Geysir.

Mættir voru: Tryggvi Gunnlaugsson, Guðmundur Valur Gunnarsson, Andrés Skúlason, Albert Jensson og Brynjólfur Einarsson. Einnig sat fundinn Bj. Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri. Andrés stjórnaði fundi.

Dagskrá:

1. Fjárhagsleg málefni, stofnanir o. fl.

- a) 3ja ára áætlun 2009 - 2011. Síðari umræða.
Eftir nokkrar umræður voru fyrirbyggjandi drög borin undir atkvæði. Áætlunin samþ. samhljóða. Settu fundarmenn upphafsstafi sína á fyrirbyggjandi skjöl og sveitarstjóra falið að sjá til þess að áætlunin yrði send hlutaðeigandi stofnunum.
- b) Grunnskóli Djúpavogs, sjálfsmatsskýrsla. Umrædd skýrsla lá fyrir fundinum en auk þess er hana að finna á heimasíðu stofnunarinnar. Sveitarstjórn lýsir ánægju með skýrsluna.
- c) Reglur um afslátt á fasteignaskatti 2008.
Fyrir fundinum lágu drög að reglum. Tillaga um að staðfesta drögin borin upp og samþykkt samhljóða. Að því búnu settu fundarmenn stafi sína á hið samþ. skjal.
- d) Félagslegar íbúðir, sala fleiri íbúða ?
Nú eru 6 félagslegar íbúðir í eigu sveitarfélagsins, fjallað var um hve margar íbúðir til viðbótar ætti að selja, afgreiðslu frestað.
- e) Samstarfssamningur sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál.
Samningurinn lagður fram til kynningar. Hann staðfestur.
- f) Fundur á Fljótshéraði, 22. feb. 2008.
Þennan dag endurgalt sveitarstjórn Djúpavogshrepps bæjarstjórn Fljótshéraðs heimsókn frá des. 2007 varðandi hugm. um sameiningu þessara tveggja sveitarfélaga. Farið var í „vettvangsrannsóknir“ (ýmsar stofnanir o.fl. á Egilsstöðum og Fellabæ). Að því búnu var sameiginlegur fundur þar sem farið var yfir næstu skref. Fyrir liggur vilji til áframhaldandi viðræðna milli sveitarfélaganna.

2. Fundargerðir:

- a) ÍBR 13. jan. 2008. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) SKN 19. feb. 2008. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) Stjórn Hér.Aust. 11. feb. 2008. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) Stjórn Brunav. á Héraði 11. des. 2007 og 15. feb. 2008. Fundarg. lagðar fram til kynn.
- e) Félagsmálanefnd 15. jan. 2008. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Erindi og bréf:

- a) Starfsendurhæfing Austurlands, dags. 20. des. 2007. Lagt fram til kynningar.
- b) Samgönguráðuneytið, dags. 28. des. 2007. Varðar breytingar á Stjórnarráðinu og flutning málefna sveitarfélaga úr félagsmálaráðuneyti yfir í samgönguráðuneyti. Lagt fram til kynningar
- c) Varasjóður húsnæðismála, dags. 14. febrúar 2008. Varðar sölu- og rekstrarframlög 2008. Lagt fram til kynningar.
- d) Samtök iðnaðarins, dags. 7. feb. 2008. Varðar opinb. innkaup. Lagt fram til kynningar.
- e) Momentum – greiðslu og innheimtuþj., dags. 11. feb. 2007. Lagt fram til kynningar.
- f) Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. feb. 2008. Varðar starfshóp í málefnum innflytjenda. Fyrirspurnarform, sem fylgir með bréfinu verður útfyllt af ÍBR. Lagt fram til kynningar.

- g) Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 6. feb. 2008. Varðar 22. Landsþing SÍS 4. apríl 2008 í Reykjavík. Fulltrúi sveitarfélagsins verður Andrés Skúlason. Varamaður hans er Bj. Hafþór Guðmundsson.
- h) Búnaðarfélag Beruneshrepps, dags. 28. jan. 2008. Varðar veiðar á ref og mink og er skorað á sveitarstjórn að leita allra leiða til að sem bestur árangur náist í veiðunum og er bent á vetrarveiðar á ref í því sambandi. Samþ. að vísa málinu til umsagnar landbúnaðarnefndar.
- i) Hafnasamband Íslands, dags. 14. jan. 2008. Varðar álit LÍÚ sbr. bréf dags. 4. jan. 2008 þess efnis að hafnagjöld miði við raunverulegan kostnað við veitta þjónustu í hverjum vörflokki. Lagt fram til kynningar.
- j) Landsskrifstofa Staðardagskrár 21 á Íslandi, dags. 18. jan. 2008. Varðar hvatningu um að sveitarfélög gerist aðilar að svonefndri Ólafsyfirlýsingu. Lagt fram til kynningar.
- k) Ungmennafélag Íslands, dags. 15. jan. 2008. Varðar staðsetningu Unglingalandsmóts UMFÍ 2010. Lagt fram til kynningar.

4. NA-verkefnið

Sveitarstjóri og oddviti gerðu grein fyrir tillögum frá sveitarfélaginu (7 talsins), en þær voru einnig sendar öllum aðalmönnum í sveitarstjórn til kynningar, auk þess sem þeir komu að hluta til að frum- og fullvinnslu þeirra.

5. Skipulagsmál:

- a) Kynnt umsögn til Skipulagsstofnunar v/ vegaframkvæmda í Rauðuskriðum.
- b) Vegagerðin, 13. feb. 2008. Umsókn um framkvæmdaleyfi; Hringvegur milli Valtýskambs og Sandbrekku. Samþ. samhljóða að veita framkvæmdaleyfi með fyrirvara um samþykki annarra landeigenda.
- c) Nýtt deiliskipulag til afgreiðslu. Varðar göturnar Hlíð og Borgarland. Hefur áður verið kynnt sveitarstjórn. Deiliskipulagið samþykkt samhljóða og undirritað af nefndarmönnum.

6. Skýrsla sveitarstjóra:

- a) Sveitarstjóri kynnti að fyrir lægir styrkur árið 2008 úr VAXA v/ ferða- og menningarmálafulltrúa í 50 % starfi.
- b) Farið yfir reglur um niðurgreiðslur máltíða fyrir nemendur með lögheimili utan sveitarfélagsins.
- c) Fjallað um málefni félagsmiðstöðvarinnar ZION.
- d) Mótvægisatgerðir og mótdrægar aðgerðir. Kynnt „nýjasta afkvæmið“. Sveitarstjóri kynnti svör til Byggðastofnunar vegna fyrirspurnar sem barst seint á föstudag og svara þurfti í dag. Honum og oddvitum listanna falið að vinna bókun v/ byggðakvóta og málsins í heild, sem m.a. verði send forsvarsmönnum ríkisstjórnarinnar.
- e) Heimsókn sérfræðinga v/ endurbyggingar Faktorshúss. Oddviti kynnti málið, en hann var á vettvangi með ráðgjöfum vegna endurbyggingarinnar fyrr í dag. Sveitarstjórn styður hugmyndir um kjallara í hluta hússins, enda hlýzt minniháttar kostnaður af þessari breytingu.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 18:50.

Fundargerðin, sem færð var í tölvu, lesin upp, staðfest, prentuð út og síðan undirrituð.

Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari.